

## Stafnes

### Örnefni í túni

Ari Gíslason skráði eftir Metúsalem Jónssyni.

Beint vestur af heimabæ í Stafnesi er hóll, sem heitir **Vallarhúsaóll** (110). Þar hefur verið mikil byggð hér áður fyrr. Ofan við efra húsið á Stafnesi í túni er hringur, nefndur **Lögrétta** (111). Ekki er vitað, hvað þetta var, og má geta þess, að hann er ekki eins í lagi og slíkir lögréttuhringir eru vanir að vera. Rétt vestur af húsinu eru allmiklar rústir, sem ekki er vitað um, hvað er. Austur af Eystrahúsinu í Stafnesi heitir **Lodduvöllur** (112), og í honum er **Loddubrunnur** (113).

**Kvíslarhóll** (114) er gamall öskuhaugur við Loddu. Býli voru mörg hér og hvar, og örugglega eru sum þeirra farin alveg í sjó. Má t.d. nefna, að 1703 er talað um landssvæði, sem hét **Snoppa** (114a). Nú veit enginn, hvar það hefur verið. **Krumfótsbúð** (114b) var gömul sjóbúð, sem ekki er vitað, hvar var.

Þá er að bregða sér upp í heiðina. Á Flötunum fyrrnefndu er svo nefnd **Urðarvarða** (115), og ofan túns er **Heiðarvarða** (116). Beint upp af túni eins og 1 km er varða á leið til Hafna. Hún heitir **Pétursvarða** (117) og stendur þar á klettasyllu. Þar til austurs er garðbrot fyrir fé, nefnt **Skjólgarður** (118). En niðri við Flatirnar er vik, sem fellur upp í og er nefnt **Fagradalsvik** (119). Þar upp frá er **Fagridalur** (120), sem nú hefur verið girtur af. Hér nokkuð austar upp frá sjó, suður frá Draughól, eru klettur tveir allháir og nokkurra faðma breitt sund á milli. Heitir þetta **Gálgaklettur** (121). Þar norður af er há klöpp, sem heitir **Kiðaberg** (122). Við Skjólgarðinn fyrrnefnda er komið upp fyrir hraunbeltið. Er þá fátt um nöfn. Heitir það **Neðri-Mosar** (123) og **Efri-Mosar** (124), aðskilið af grjótbelti. Kiðaberg er há klöpp, sem fyrr var nefnd. Skammt suður og upp af Gálgum er fyrst hóll. Í honum er gren, sem heitir **Kollóttagren** (125). Allmikið sunnar er Þórshöfn, sem fyrr getur, og er þar mjór og langur bás inn í hraunið. Þangað fóru kaupskip hér fyrr. Sunnar var grasi vaxinn tangi, nefndur Þórshafnarbali. Nú er hann horfinn. Þar austar er Hvalvík, og upp af henni er hnúkur eða klettur nefndur **Æsuberg** (126) (nefnt svo 1703).

Skammt suður og upp frá Gálga eru lágar klappir nefndar **Klofningar** (127). Þar suður og upp af Þórshöfn er einstök varða á klöpp, Mjóavarða, sem var innsiglingarmerki á Þórshöfn. Suðaustur af henni eru svo tvær vörður á klöpp, sem nefndar eru **Systur** (128). Þar austur af eru **Stórubjörg** (129), og austan þeirra er gamalt sel, sem heitir **Stafnessel** (130). Hraunið upp af Gálgunum er nefnt **Gálgahraun** (131). Utan við Djúpavog meðfram vöginum er svonefnt **Illaklif** (132). **Torfmýrar** (133) hafa verið til hér í hlíðinni, en það, sem hæst ber hér upp af, heitir **Háaleiti** (134) og er nú komið undir flugvöllinn.

## Stafrófsskrá örnefna

Efri-Mosar 124  
Fagradalsvik 119  
Fagridalur 120  
Gálgahraun 131  
Gálgaklettur 121  
Háaleiti 134  
Heiðarvarða 116  
Illaklif 132  
Kiðaberg 122  
Klofningar 127  
Kollóttagren 125  
Krumfótsbúð 114b  
Kvíslarhóll  
Loddubrunnur 113  
Lodduvöllur 112  
Lögrétta 111  
Mosar, Efri- 124  
Mosar, Neðri- 123  
Neðri-Mosar 123  
Pétursvarða 117  
Skjólgarður 118  
Snoppa 114a  
Stafnessel 130  
Stórubjörg 129  
Systur 128  
Torfmýrar 133  
Urðarvarða 115  
Vallarhúshóll 110  
Æsuberg 126